



SJÚKRAHÚSIÐ
Á AKUREYRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/7
komudagur 16.10.2007

FJÁRLAGAERINDI 2008

FJÁRAUKALÖG 2007

September 2007

Fjáralög 2007.

Starfsemi spítalans fyrstu 6 mánuði ársins hefur aukist miðað við fyrra ár. Sjúklingum hefur fjölgað og göngudeildarstarfsemi fer vaxandi. Gjöld umfram tekjur í júnilok eru um 60 milljónir króna sem er 3,3% frávik miðað við fjárlög. Í afkomuspá sem gerð hefur verið fyrir reksturinn til ársloka er gert ráð fyrir að tekjuhalli í árslok geti numið 160-170 milljónum króna í heildina sem er 4,5-5% frávik. Helstu ástæður hallans eru aukinn launakostnaður sem stafar af launaskriði og áhrifum kjara- og stofnanasamninga sem fela í sér innbyggðar hækkunir. Aukin starfsemi hefur líka valdið þörf fyrir meira vinnuframlag sem kallar á fjölgun aukavakta og meiri yfirvinnu. Þá hefur lyfjakostnaður hækkað um nálega 20% frá fyrra ári og er þar einkum um að ræða aukningu á S-merktum lyfjum (krabbameinslyf og fleira). Einnig hefur orðið veruleg hækkun á vörum til lækninga og hjúkrunar sem stafar m.a. af fjölgun aðgerða og einnig hafa verið teknar upp nýjar tegundir kostnaðarsamra aðgerða. Óhjákvæmilegt er því að mæta hallarekstri á fjáralögum þessa árs og fjárlögum næsta árs ef ekki á að koma til verulegrar skerðingar á þjónustu.

Fjárlagaerindi 2008.

Í fjárlagaerindum Sjúkrahússins á Akureyri fyrir árið 2008 eru tilgreind mörg bryn málefni og framkvæmdir. Þeim hefur verið forgangsraðað sem hér segir:

Nr.		Millj.
1.	Innrétting Suðurálmú	30,0
2.	Tæki og búnaður (Rekstrarleiga)	68,0
3.	Viðbótarstöður v. "55 ára reglu" í kjarasamningum	34,2
4.	Líknardeild	35,0
5.	Aukin göngudeildarstarfsemi og móttaka f.sykursjúka	20,7
6.	Aukin endurhæfing á Kristnesspítala (1. áfangi)	40,0
7.	Viðhald fasteigna	50,0
8.	Innrétting á skurðstofu 4	76,5
9.	Sjúkraflug, aukinn kostnaður	16,0
10.	Sjúkraflutningaskólinn	6,9
11.	Þakbygging á tengi- og kjarnabyggingu (1.áfangi, 50%)	55,0
12.	Ný legudeildabygging (hönnun)	25,0
	Samtals	403,3

Nánari útskýringar er að finna í textanum hér á eftir.

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri.

1. Innrétting Suðurálm.

Framkvæmd við innréttingu I og II hæðar í Suðurálm mun ljúka að mestu í mars – apríl 2007. Í fjárlagatillögum vegna þess árs var óskað eftir 56,5 milljón króna framlagi. (Á fjárlögum 2007 eru 54 milljónir króna). Sú tala var byggð á kostnaðaráætlun sem gerð var á verðlagi í janúar 2006. Um var að ræða kostnað utan útboðs svo sem kaup á búnaði, stækkun á loftræsikerfi og nýja vararafstöð. Endurskoðuð kostnaðaráætlun með tilliti til breytinga á verðlagi og gengi felur í sér hækkun sem nemur 10 - 15 milljónum. Þá kom í ljós að kaupa þurfti öflugri vararafstöð en áður hafði verið gert ráð fyrir auk annars kostnaðar sem áður hafði verið vantalin, eða um 15 milljónir króna. Í framkvæmdaáætlun og fjárlagaerindi vegna ársins 2007 var gert ráð fyrir að komið yrði upp aðstöðu fyrir krufningar í kjallara álmunnar. Framreiknuð kostnaðaráætlun vegna þeirrar framkvæmdar er 11 milljónir vegna húsnæðis og 7 milljónir vegna búnaðar, eða samtals um 18 milljónir króna. Áformað er að fresta þeirri framkvæmd til ársins 2008 ásamt fleiru. Óskað er eftir því að framlag til lokafrágangs Suðurálm á fjárlögum 2008 verði 30 milljónir króna.

2. Tæki og búnaður. – Stofnkostnaður.

Þörf er á endurnýjun á ýmsum tækjabúnaði sjúkrahússins vegna lækninga og rannsóknastarfsemi. Tækni á þessu sviði fleygir fram. Brýnt er að endurnýja ýmsan tækjabúnað sem er ýmist ónýtur eða mjög úr sér genginn. Einkum er þar um að ræða tæki á myndgreiningardeild, tölvusneiðmyndataeki og fleira. Kostnaður við kaup á þessum tækjum er af þeirri stærðargráðu að þau rúmast engan veginn innan þeirra fjárheimilda sem stofnunin hefur. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru 65 mkr, þar af ganga 30 mkr til að greiða rekstrarleigu og þjónustusamning vegna segulómtækis. Stofnunin mun því leita heimilda strax á þessu ári (2007) til að bjóða út og taka á rekstrarleigu dýrustu tækin sem óhjákvæmilegt er að endurnýja.

Þau tæki sem um ræðir eru:

	<u>Millj.kr.</u>
TS fjölsneiðataeki	200
Beinþéttnimælir	18
Ómtæki með litadoppler	22
Skyggnimagnari á skurðstofu	30
Vöktunarkerfi á gjörgæsludeild	20
DR-röntgenbúnaður (alstafrænn)	50
Samtals	340

Áætlaðar kostnaðartölur byggjast á kaupverði og þjónustusamningum til 5 ára að meðaltali. Tölur og leigutími kunna að breytast nokkuð þegar tilboð liggja fyrir en óskað eftir því að framlagið hækki um 68 mkr. Sérstakt erindi ásamt greinargerð vegna hvers tækis fyrir sig verður send Heilbrigðismálaráðuneytinu.

3. Viðbótarstöður vegna “55 ára reglu” í kjarasamningum.

Í kjarasamningum lækna og kjarasamningum hjúkrunarfræðinga er ákvæði sem heimilar starfsmönnum að hætta að taka vaktir þegar 55 ára aldursmarki er náð. Á síðustu misserum hefur það færst mjög í vöxt að lækna og hjúkrunarfræðingar nýti sér þetta ákvæði. Þetta leiðir af sér að mun meiri vaktabyrði er á öðrum starfsmönnum og á litlum einingum hefur þetta orðið til þess að vaktir hafa jafnvel orðið tví- eða þrískiptar sem alls ekki er viðunandi. Til að leysa þetta verður að fjölga

stöðugildum í dagvinnu og á það ekki síst við um lækna. Til að mæta þessum breytingum er talið nauðsynlegt að ráða í 2 stöður lækna og 3 stöður hjúkrunafræðinga fyrir stofnunina í heild. Óskað er eftir viðbótar framlagi á fjárlögum til að mæta þessum kostnaði.

4. Líknardeild.

Á undanförunum árum hefur farið fram mikil umræða um líknandi meðferð sjúklinga, þá helst krabbameinssjúka, en einnig sjúklinga með aðra sjúkdóma. Á Norður- og Austurlandi er mikil þörf fyrir líknardeild þar sem sjúklingar fengju þá þjónustu sem þeim hæfir best á síðustu dögum eða mánuðum lífs síns. Samkvæmt þarfagreiningu er talið að 4-6 rúma deild geti annað þessari starfsemi. Heilbrigðisráðuneytið hefur veitt heimild til þess að hefja undirbúning að starfrækslu slíkrar deildar og veittar voru 5 milljónir til reksturs á árinu 2007. Stofnað hefur verið sérstakt félag í þessu augnamiði sem ber nafnið Bjarmi en aðilar að því eru FSA, KEA, Sparisjóður Norðlendinga og ýmis líknarfélög. Tilgangur félagsins er að útvega og fjármagna húsnæði fyrir starfseminna. Gert er ráð fyrir að byggingin verði 400-600 fermetrar að grunnfleti og byggingarkostnaður verði á bilinu 110 – 160 mkr. Rekstur deildarinnar yrði að öllu leyti á forræði FSA. Samkvæmt áætlun yrði rekstrarkostnaður deildarinnar, þar með talin leiga á húsnæði, um 80 mkr á ári. Gert er ráð fyrir að rekstur gæti hafist um mitt ár 2008 og því óskað eftir 35 mkr hækkun á fjárframlagi

5. Aukin göngudeildarstarfsemi og móttökudeild sykursjúkra.

Göngudeildarþjónusta FSA hefur farið vaxandi á undanförunum árum og ný tækifæri til aukinnar þjónustu skapast með flutningi á hluta starfseminna í Suðurálmú. Þar er áformað að stofnuð verði móttökudeild sykursjúkra og yrði hún undir stjórn lyflækningadeildar. Sykursýki er algengur sjúkdómur sem er meðhöndlaður að mestu leyti á göngudeildum. Tíðni sjúkdómsins fer vaxandi og þá sérstaklega sykursýki af tegund II. Vaxandi þörf er fyrir nákvæmt eftirlit með sykursjúkum til að koma í veg fyrir fylgikvilla vegna sjúkdómsins. Þessari starfsemi hefur hingað til verið sinnt af sjálfstætt starfandi sérfræðingi og eru um 1,000 komur á ári vegna þess. Auk þessa er vaxandi göngudeildarstarfsemi á vegum lífeðlisfræðideildar og geðdeildar. Til að sinna þessum auknu verkefnum er þörf á því að ráða í 5 stöður. Áætlaður kostnaður á ársgrundvelli er 24,7 milljónir en á fjárlögum ársins 2007 eru 4 milljónir til að mæta aukinni göngudeildarstarfsemi (hluti af 16,2 mkr) og er því óskað eftir viðbótarfjárlögum samtals að upphæð 20,7 milljónir.

6. Aukin endurhæfing á Kristnesspítala.

Endurhæfingardeild FSA er starfrækt á Kristnesspítala. Starfsemi hófst þar 1991 Lengst af hafa plássin verið 19 en frá og með hausti 2005 var bætt við 8 dagdeildarrými til offitumeðferðar Þannig eru í dag 27 virk endurhæfingarrými. Deildin er eina endurhæfingardeildin utan suðvestursvæðisins. Áður en að deildin tók til starfa dvöldust að jafnaði um 40 einstaklingar af svæðinu frá Skagafirði til Vopnafjarðar á endurhæfingarstofnunum á suðvesturhluta landsins. Á árinum 1999 til og með 2003 dvöldust að jafnaði 15 einstaklingar af fyrrgreindu svæði á hverjum tíma á Reykjalandi og LSH Grensásdeild. Miðað við sjúkdóma þeirra hefðu 14 á hverjum tíma geta þegið endurhæfingu í Kristnesi ef pláss hefði verið til staðar. Sem dæmi dvöldu 79 einstaklingar af svæðinu frá Skagafirði til Vopnafjarðar á Reykjalandi árið 2005, meðaldvalartími var 5 vikur. Á biðlista endurhæfingardeildar FSA í Kristnesi voru við áramót 2005/2006 182 einstaklingar, 75 fleiri en við áramótin þar á undan. Núverandi húsnæði er of lítið og vegna aðstöðuleysis hefur deildin ekki getað sinnt

einstaklingum með hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, geðraskanir og krabbamein nema að mjög litlu leyti. (Benda má á þá stefnu stjórnvalda að endurhæfing ungs fólks með geðraskanir njóti forgangs.) Með lagfæringum á núverandi húsakosti og auknu rými fyrir sjúkrahjálfun væri hægt að hafa 25 einstaklinga á legudeild og 10 á dagdeild, samtals 35 einstaklinga, og sinna þannig betur þörfinni sem þegar er til staðar. Til þess að þetta sé gerlegt er nauðsynlegt að stækka þjálfunarrými deildarinnar með því að byggja ofaná suðurbyggingu (húsnæði iðjuþjálfunar). Byggingin yrði allt að 400 fermetrar og er lauslega áætlaður kostnaður um 125 mkr. Að auki þyrfti að ljúka endurbótum á húsnæði legudeildarinnar en sá kostnaður er metinn á um 30 mkr. Aukin og bætt þjálfunaraðstaða mundi einnig nýtast til endurhæfingar sem fram fer á öldrunarlækningadeild en þar eru nú 22 rými. Endurhæfingarrými á Kristnesspítala yrðu því samtals 57. Gert er ráð fyrir að stækkun húsnæðis og breytingar gætu komið til framkvæmda á næstu 4 árum. Á árinu 2008 yrði lokið endurbótum á núverandi deild og nýbygging yrði hönnuð. Viðbótarhúsnæði yrði byggt á árunum 2009 og 2010 og í kjölfar þess yrðu eldri rými endurinnréttuð. Mögulegt yrði að fjármagna hluta framkvæmdanna með sölu á hluta íbúðarhúsnæðis í eigu Kristnesspítala samanber heimild í fjárlögum 2007. Óskað er eftir framlagi á fjárlögum 2008 til fyrsta áfanga framkvæmdarinnar, 40 milljónum króna.

7. Viðhald húsnæðis.

Stærð húsnæðis í eigu FSA er samtals um 26 þúsund fermetrar. Árlegt viðhaldsfé spítalans er aðeins um 25 milljónir króna og er að heita má óbreytt að krónutölu frá 1993. Miðað við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar ætti framlagið að nema nú um 50 milljónum króna og hefur því verið skert um helming. Til þess að unnt sé að sinna eðlilegu viðhaldi og endurbótum þarf að stórhækka framlagið.

Helstu verkefni á sviði viðhalds og endurnýjunar eru þessi: Að ljúka endurbótum á öldrunarlækningadeild á Kristnesspítala, en þær framkvæmdir hafa legið niðri um árabil vegna fjárskorts. Halda þarf áfram endurnýjun kvennadeildar sem hófst árið 2005 og hefur gengið afar hægt vegna takmarkaðra fjármuna. Með flutningi á starfsemi í nýja legudeildarálmum þarf að lagfæra og breyta því húsnæði sem losnar. Þar má fyrst nefna endurbætur á lyflækningadeild sem kosta munu verulega fjármuni. Auk þess þarf að lagfæra húsnæði ýmissa annarra deilda í kjölfar flutninganna. Síðast en ekki síst má nefna óhjákvæmilegar endurbætur á húsnæði í kjölfar brunahönnunar sem gerð var fyrir eldri byggingar FSA og Kristnesspítala. Að þessu hefur verið unnið undanfarin ár en hefur gengið hægt vegna skorts á viðhaldsfé. Kostnaðaráætlun vegna helstu viðhaldsverkefna er eftirfarandi:

	Millj. kr.
Endurbætur vegna eldvarna	36.000
Kvennadeild	41.000
Lyflækningadeild	20.000
Öldrunarlækningadeild	37.000
Endurinnrétting á eldra húsnæði deilda (400 fermetrar @ 110 þús.)	44.000
Ýmis viðhaldsverkefni	<u>10.000</u>
Samtals	188.000

Þar af áætlað að framkvæma á árinu 2008 fyrir 75 milljónir króna. Framlag til viðhalds þarf því að hækka um 50 milljónir króna.

8. Innrétting á skurðstofu 4.

Þróun undanfarinna ára í skurðþjónustu sjúkrahúsa hefur verið sú að allar stærri aðgerðir hafa færst til færri stofnana og á ýmsum minni sjúkrastofnunum hefur slík starfsemi verið lögð niður. Þá hefur skurðaðgerðum fjölgað verulega og frekari aukning og þróun háð stækkun á aðstöðu. Aðalþjónustusvæði sjúkrahússins er Norðurland og Austurland og fyrirsjáanlegt að þörf er fyrir aukna þjónustu FSA á þessu sviði. Það er mat stjórnenda sjúkrahússins að því sé tímabært að innrétta fjórðu skurðstofuna en húsnæði hennar hefur staðið óinnréttað frá því á áttunda áratugnum. Þrjár sambærilegar stofur eru nú í notkun. Áætlaður kostnaður við innréttingar er um 29 mkr. Þá er áætlað að nauðsynlegur búnaður svo sem skurðarborð, speglunarsamstæða og fleira kosti um 36 mkr. Auk áætlaðrar fjölgunar skurðaðgerða mun bætt aðstaða bjóða upp á nýja þjónustu. M.a. er áformað að ráða sérfræðing í lýtalækningum í 50% starf en sú þjónusta hefur hingað til ekki verið í boði á FSA. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er 21.2 mkr. Óskað er eftir stofnframlagi að fjárhæð 65,5 milljónir króna og rekstrarframlagi fyrir hálf t.ár, 11 milljónir króna.

9. Aukinn kostnaður við sjúkraflug

Í apríl 2002 tók Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að sér að manna læknavakt við sjúkraflugsmiðstöð hér á Akureyri og fékk til þess fjárveitingu að upphæð 8,8 milljónir. Til samanburðar má benda á að Landspítali – háskólasjúkrahús gerði samning um samskonar vakt og var þá kostnaður metinn á um 25 milljónir króna (verðlag 2005). Umfang sjúkraflugsins hefur vaxið mjög og svæðið stækkað með nýjum samningum. Nú eru tæplega 400 sjúkraflug á ári og er lækni með í um helmingi tilfella, oft svæfingalækni. Nú er því svo komið að ráða þyrfti sérstakan lækni til að hægt sé að sinna reglubundinni starfsemi í fjarveru annarra vegna sjúkraflugsins. Kostnaður við eina stöðu er um 10 milljónir króna á ári. Á árinu 2006 voru beinar launagreiðslur vegna sjúkraflugsins rúmlega 21 milljón króna vegna vakta og útkalla. Á mótí koma tekjur um 3 milljónir króna vegna sjúkraflugs til Grænlands. Miðað við gefnar forsendur um framreikning á launalið fjárlaga lætur nærri að fjárhæð á fjárlögum 2007 til sjúkraflugs á vegum FSA sé um 12 milljónir króna sem dugar engan veginn til að mæta raunkostnaði. Óskað er eftir viðbótar fjárveitingu að upphæð 16 milljónir króna til að mæta auknum kostnaði við að halda úti sjúkraflugsvakt við FSA.

10. Sjúkraflutningaskóli.

FSA hefur nú rekið sjúkraflutningaskólann um þriggja ára skeið með góðum árangri. Tekjur vegna námskeiða hafa hins vegar ekki hrokkið til að mæta útgjöldum. Því er nauðsynlegt að leiðrétta þessa misvísun við gerð næstu fjárlaga. Einnig er þörf á viðbótarfé til að bæta kennslubúnað og þróa námsefni vegna bráðatæknináms á Íslandi. Hingað til hefur sú menntun verið sótt til USA. Óskað er eftir viðbótarfjárveitingu að upphæð 6,9 mkr.

11. Þakbygging á tengi- og kjarnabyggingu.

Það viðbótarhúsnæði sem fæst með tilkomu Suðurálmunnar mun ekki leysa að fullu húsnæðisþörf stofnunarinnar. Það sem á vantar er einkum aðstaða til fyrirlestra og upplýsingatengdrar starfsemi, (þ.e. bókasöfn, gagnasmiðja, tölvudeild og fleira). Sú lausn sem helst hefur verið litið til er að byggja eina hæð ofan á tengi- og kjarnabyggingu sjúkrahússins. Mögulegt er að byggja allt að 460 fermetra léttu byggingu með aðgengi frá stigahúsi á þriðju hæð Suðurálmunnar. Kostnaður er lauslega

áætlaður um 110 mkr. Með slíkri byggingu yrði um leið leyst viðvarandi vandamál sem verið hefur vegna leka á þaki tengibyggingar. Að öðrum kosti yrði óhjákvæmilegt að reisa þar sérstaka risbyggingu til að komast hjá áframhaldandi skemmdum og viðhaldskostnaði.

12. Ný legudeildabygging.

Í nóvember 2002 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að gera tillögur að uppbyggingu og skipulegi húsnæðis FSA. Í febrúar 2004 skilaði nefndin áfangaskýrslu og lagði til að reist yrði þriggja álmu nýbygging fyrir legudeildir. Unnin voru frumdrög að byggingunni þar sem reiknað var með þremur hæðum og kjallara undir hluta byggingarinnar. Samtals um 6.800 fermetrar. Áætlaður heildar kostnaður var 1.800 milljónir króna. Þar sem nú sér fyrir endann á innréttingu Suðurrálmur telur framkvæmdastjórn sjúkrahússins tímabært og nauðsynlegt að taka ákvarðanir um framtíðarlausnir fyrir stofnunina. Í breyttu samfélagi með auknum kröfum verður að gera ráð fyrir því að sjúkrastofur framtíðarinnar verði að uppistöðu til einbýli með sér snyrtingu og tengingu við upplýsingaveitur. Núverandi húsnæði legudeilda er ófullnægjandi hvað þetta varðar og algengt að 4-5 sjúklingar deili sömu stofu. Framkvæmdastjórn óskar því eftir framlagi á fjárlögum 2007 til að halda áfram undirbúningsvinnu, forsögn og hönnun og við það verði miðað að framkvæmdatími verði á árunum 2009-2012.